



## Fundargerð aðalfundar VR 25. mars 2026

Formaður VR, Halla Gunnarsdóttir, setti fund kl. 19:30 og bauð félagsfólk velkomid.

Í upphafi fundar afhenti formaðurinn þremur einstaklingum gullmerki VR fyrir vel unnin störf í þágu félagsins og félagsfólks. Þau eru Sigurður Sigfússon sem var í trúnaðarráði í 33 ár og í stjórn í þrjú áratugi, Steinar J. Kristjánsson sem sat í stjórn og trúnaðarráði í 16 ár og Auður Búadóttur sem starfaði á skrifstofu VR við bókhald í 26 ár.

### 1. Kosinn fundarstjóri

Að afhendingu lokinni setti formaður fund formlega og lagði til sem fundarstjóra Guðmund B. Ólafsson, lögmann VR. Engar aðrar tillögur bárust og tók Guðmundur við stjórn fundarins.

Fundarstjóri fór yfir fyrirkomulag fundarins. Fundurinn væri haldinn bæði í stað- og fjarfundi og túlkaður á ensku í teams. Kynningar væru á íslensku á fundinum og allar tillögur birtar á ensku á enskri vefsíðu VR um aðalfundinn. Allar upplýsingar varðandi túlkun væri að finna í spjallinu á fjarfundi. Spurningar í kosningum verði bæði á íslensku og ensku. Fundarstjóri sagði að spurningar sem bornar væru upp á ensku yrðu þýddar á íslensku af fundarstjóra, eða þeim sem svarar ef umræða er hafin, og svarað á íslensku og svör túlkuð á ensku í fjarfundi.

Fundarstjóri úrskurðaði því næst um lögmati fundarins. Fundurinn var auglýstur auglýstur á vef VR og samfélagsmiðlum frá og með föstudeginum 13. mars. Reikningar, endurskoðaðir og áritaðir af löggiltum endurskoðendum og tillögur stjórnar að breytingum á lögum félagsins lágu frammi á skrifstofum félagsins og á vefnum viku fyrir auglýstan aðalfund. Til fundarins hafi því verið boðað með lögmatum hætti sbr. 23 gr. laga VR.

Fundarstjóri óskaði eftir heimild til að gera dagskrárbreytingu, að færa lið #5, Tillaga um framlag í VR varasjóð, þannig að tillagan verði lögð fram eftir umræður og kosningar um breytingar á reglugerð Sjúkarsjóðs. Enginn gerði athugasemd við það.

### 2. Kosinn fundarritari

Steinunn Böðvardsdóttir, sviðsstjóri samskiptasviðs VR, var tilnefnd sem ritari og bárust engar aðrar tillögur.

### 3. Skýrsla stjórnar um störf félagsins undanfarið starfsár

Fundarstjóri býður Höllu Gunnarsdóttur formanni að koma og flytja skýrslu stjórnar um starfsemi félagsins starfsárið 2025 – 2026. Formaður VR tekur við.



Í ávarpi sínu fór Halla yfir umfangsmiklar breytingar sem verið er að gera á Sjúkrasjóði VR í ljósi versnandi stöðu sjóðsins en þetta er í annað skipti á áratug sem félagið þarf að gera breytingar á sjóðnum svo hann geti sinnt hlutverki sínu. Veikindi hafa færst í aukana í þjóðfélaginu, sagði Halla, og sjóðurinn finnur fyrir því. Stjórn sjóðsins og skrifstofa VR hafi unnið hörðum höndum að því að vinna tillögur að breytingum til að tryggja sjálfbærni sjóðsins og standa vörð um hagsmuni félagsfólks. Verið sé að þróa leiðir til að grípa félagsfólk snemma og auka líkur á endurhæfingu, þar sem hún sé möguleg. Halla benti á að þó komi til skerðinga sé félagið einnig að sækja fram, m.a. með tillögu að fæðingarstyrk og hækkun á framlagi í VR varasjóð en þar liggi dýrmætustu forvarnirnar. Hvað varðar VR varasjóð benti Halla á að á starfsárinu hafi farið fram kosning um fyrirkomulag styrkja félagsins sem hafa verið í gegnum varasjóði í tvo áratugi. Niðurstaðan var afgerandi, sagði Halla, ríflega 63% félaga vildu halda í varasjóðinn en tæplega 33% vildu taka upp breytt kerfi. Verkefnið núna er að efla varasjóðinn, sagði Halla, með auknu fjárframlagi og auknu frjálstræði um nýtingu hans.

Sjóðir félagsins eru önnur meginstoða starfsemi VR en hin snýr að kjaramálum, gerð kjarasamninga og eftirtíflgni sem birtist daglega þegar félagsfólk leitar eftir ráðgjöf í kjaramálum, í þeim dómsmálum sem félagið sækir fyrir félagsfólk og á vettvangi vinnueftirlits. En það dugar skammt, sagði Halla, ef fyrirtæki og hið opinbera geta hækkað verð og gjöld eins og þeim sýnist. Í síðustu samningum hafi fyrirtæki og stjórnvöld skuldbundið sig til að halda aftur af verðhækkunum og launafólk hafi undirgengist lágar launahækkanir. En eins og staðan sé núna, bendi allt til þess að forsenduákvæðin bresti því að hvorki fyrirtækin, né hið opinbera hafi staðið við sitt. Halla benti á að barátta VR og annarra stéttafélaga hafi vissulega skilað árangri, gjaldskrárhækkanir leikskóla hafi verið minni en upphaflega stóð til og vegna gagnrýni á hækkanir Veitna munu stjórn og eigendur hugsa sig tvisvar um áður en þau leika sama leikinn aftur, svo eitthvað sé nefnt.

Verkalýðshreyfingin hefur setið undir linnulausum áróðri um að sú alvarlega staða sem sé uppi í samfélaginu sé öðru fremur tilkomin vegna launahækkana, jafnvel kjarasamningsbundinna hækkana að mati sumra. Launaskriðinu er aðallega kennt um, en við sjáum ekki mikið launaskrið innan VR, sagði Halla, en launaskrið á almennum markaði er til marks um að fyrirtækin hafi svigrúm til að hækka laun. Halla benti á að línulegt samband milli launa og verðbólgu, sem oft sé teiknað upp, sé hreinlega ekki fyrir hengi. VR hafi rýnt gögn og fræðigreinar, fylgnin er ekki einu sinni fyrir hendi, hvað þá orsakasamhengið. Það eru verðhækkanir sem auka verðbólgu, ekki laun. „Verðbólgan sem við höfum glímt við til þessa, verðbólgan sem er að sprengja kjarasamninga, er heimatilbúinn vandi. Hún á rætur í húsnæðismálum, hagnaðardrífnum verðhækkunum og í forkastanlegum hækkunum á opinberum gjöldum. En nú, þegar olían bætist á eldinn, getur staðan verið fljót að hríðversna.“

Undirbúningur kjarasamninga er þegar hafinn. Kjaramálanefnd VR hefur lagt grunn að ramma næstu kjarasamninga og stjórn er tilbúin í næstu viðræður. Það er hins vegar ábyrgð samningaáðila að gera það sem í þeirra valdi stendur til að samningar haldi, sagði Halla, og VR muni axla þá ábyrgð. En ef kjarasamningar eigi að halda verði að koma til móts við þá hópa sem bera langþyngstra byrðar, barnafólk, leigjendur og fólk með háar húsnæðiskuldir. Nokkrar leiðir eru færar í því, sagði Halla. Þar á meðal að stóru fyrirtækin sem hafa verðmótandi áhrif lækki arðsemiskröfur sínar, og hið opinbera frysti gjaldakrár og dragi til baka hækkanir á hita og rafmagni og stöðvi atlögu sína að almennum leikskólum. Stöðva þarf hækkanir á innlendi vöru, raunverulegar aðgerðir í húsnæðismálum þurfa að fara að sjá dagsins ljós og stjórnvöld og olíufyrirtækin komi sér saman um hvernig megi dempa höggið af yfirvofandi orkukrísu.



Halla þakkaði að lokum fráfarandi stjórnar- og trúnaðarráðsfolki fyrir störf í þágu félagsins og bauð nýtt fólk velkomið. Hún þakkaði stjórn gott samstarf á liðnu starfsári og hlakka til þess næsta.

Umræður

Í umræðum lýsti Signý Sigurðardóttur yfir ánægju með störf stjórnar og áherslur.

#### 4. Reikningar félagsins fyrir árið 2025 lagðir fram til samþykktar

Fundarstjóri bauð framkvæmdastjóra VR, Stefán Sveinbjörnsson, í pontu til að gera grein fyrir reikningum félagsins fyrir árið 2025.

Stefán fór yfir helstu lykiltölur í rekstri félagsins á árinu 2025. Félagsfólki fjölgaði á árinu um 0,1%, en fullgildum félögum fjölgaði um 5,8%. Félagsfólki hefur fjölgað á síðustu sjö árum um 11% eða um 4 þúsund félagi.

Rekstrartekjur hækkuðu um 478 m.kr. milli ára og námu tæpum 7 ma.kr. Rekstrargjöld hækkuðu um 422 m.kr. og námu nánast sömu upphæð og tekjurnar, tæplega 7 ma.kr. Hækkun rekstrargjalda var 6,4% milli ára, sem einkum má rekja til dagpeninga Sjúkrasjóðs, dagpeningar og styrkir sjóðsins hækkuðu um 10,8% en iðgjöld hækkuðu um 5,6%.

Raunávöxtun verðbréfasafna batnar milli ára, fimm ára meðalnafnávöxtun er jákvæð um 5,4%, en raunávöxtun neikvæð um 0,4% á sama tíma. Eignir í árslok námu 13,9 ma.kr. og hafa eignir félagsins aukist um 5,7 ma.kr. á sjö árum sem er 39% hækkun.

Heildarafkoma ársins 2025 var jákvæð um 1.337 m.kr. Án matsbreytingar vegna Blævar íbúðafélags og söluhagnaðar væri afkoma 967 m.kr. eða sem nemur 88 m.kr. betri afkoma en 2024.

Afkoma allra sjóða félagsins er góð nema Sjúkrasjóðs. Afkoma sjóðsins hefur verið neikvæð síðustu fjögur ár að upphæð 504 m.kr., en 1.079 m.kr. án fjármagnsliða. Hlutfall sjúkradagpeninga af iðgjöldum hefur hækkað fjögur ár í röð og er komið í nánast sama hlutfall og árið 2019 þrátt fyrir styttingu bótatímabils sjúkradagpeninga úr níu mánuðum í sjö. Sjúkrasjóður er eki sjálfbær til lengri tíma og svigrúm lítið. Vegna þessarar stöðu leggur stjórn til breytingar á sjóðnum sem ræddar verða síðar á fundinum.

Stefán fór því næst yfir Blæ leigufélag sem lauk uppbyggingu 34 leiguíbúða á árinu og hóf útleigu íbúðanna í febrúar 2025.

Umræður

Í umræðum spurði Benedikt Ragnarsson um leiguverð á íbúðum Blævar. Stefán sagði að það væri um 15-20% lægra en sambærilegar leiguíbúðir.

Fundarstjóri lagði ársreikning fyrir fundinn í atkvæðagreiðslu.

Samþykkt samhljóða.



## 5. Lagabreytingar

Fundarstjóri bauð því næst Ólafi Reimari Gunnarssyni, varaformanni VR og nefndarmanni í laganefnd, að kynna tillögur stjórnar að lagabreytingum. Ólafur Reimar sagði tillögur stjórnar þrjúþættar, í fyrsta lagi eru lagðar til breytingar á orðalagi um kynjafléttu í kosningum til stjórnar til að endurspegla að skráð kyn eru fleiri en tvö. Í öðru lagi er lagt til að ekki verði stuðst við kynjafléttu þegar kemur að varamönnum í stjórn. Og að lokum er lagt til að varamönnum verði fjölgað úr þremur í fjóra í ljósi lengingar kjörtímabils aðalmanna úr tveimur árum í fjögur og varamanna úr einu ári í tvö.

Ólafur Reimar fór því næst yfir hverja tillögu fyrir sig. Í tillögunum hér að neðan eru breytingar eða viðbætur merktar með bláu og texti sem felldur er á brott er merktur með rauðu og yfirstrikaður.

### Tillaga #1

#### 20.4 gr. Um kjörseðla og röðun á lista

##### Við kosningu til stjórnar:

Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn í handahófskenndri röð og kjósendur merkja við minnst einn en mest sjö. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu á [aðalstjórn](#) VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá sem flest atkvæði fékk en er af ~~hinu kyninu o.s.frv.~~ [öðru kyni og skal sú kynjaflétta ráða röðun 7 aðalmanna.](#) ...

### Tillaga #2

#### 20.4 gr. Um kjörseðla og röðun á lista

##### Við kosningu til stjórnar:

Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn í handahófskenndri röð og kjósendur merkja við minnst einn en mest sjö. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá aðili sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu. ~~o.s.frv. og skal sú kynjaflétta halda áfram til röðunar varamanna.~~ [Kosning og röðun varamanna skal byggja á fjölda atkvæða eingöngu, án tillits til kyns.](#) ...

### Tillaga #3

#### 20.4 gr. Um kjörseðla og röðun á lista

##### Við kosningu til stjórnar:

Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn í handahófskenndri röð og kjósendur merkja við minnst einn en mest sjö. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá aðili sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. og skal sú kynjaflétta halda áfram til röðunar varamanna. Þau sjö sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu um kosningu aðalmanna teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til fjögurra ára. ~~og næstu þrjú teljast rétt kjörnir varamenn í stjórn VR til tveggja ára.~~ [Næstu fjögur teljast rétt kjörnir varamenn til tveggja ára, samkvæmt því sem segir um kosningu varamanna.](#)



## Tillaga #4

### 10 gr. Stjórn

Stjórn félagsins skipa 15 aðalmenn og þrjú fjórir til vara. ...

## Tillaga #5

### 21.1. gr. Um kosningu formanns og stjórnar

... Annað hvert ár skulu sjö stjórnarmenn kosnir til fjögurra ára og þrjú fjórir varamenn til tveggja ára í einstaklingsbundinni kosningu. ...

#### Umræður

Í umræðum lýstu Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson og Jónas Yngvi Ásgrímsson, sem öll eiga sæti í stjórn VR, því yfir að þau væru andvíg því að falla frá kynjafléttu í vali varamanna, mikilvægt væri að viðhalda jafnrétti kynja í stjórn. Konur fái allajafna góða kosningu til stjórnar og ef þær fengu öll sæti varamanna gæti það leitt til mikils kynjahalla ef ekki væri kynjaflétta í varastjórn.

Jennifer Schröder í stjórn VR sagði félagið geta treyst því að félagsfólk kjósi bestu einstaklingana til stjórnar, óháð kyni.

Birgitta Ragnarsdóttir í stjórn VR sagði hugmyndina hafa verið frá sér komna, og að ekki hafi verið einhugur í stjórn um þetta. Yngri stjórnarmenn telji frekar að falla eigi frá kynjafléttu en þau eldri að viðhalda eigi henni.

Þórey Anna Matthíasdóttir sagðist með reynslu af baráttu fyrir jafnrétti kynjanna, nú megi sjá megi merki um afturför. Hún sagðist hlynnt kynjafléttu.

Halla Gunnarsdóttir sagði það sanngirnismál að sleppa kynjafléttu í varastjórn en að hún bæri virðingu fyrir því sjónarmiði að halda þessu óbreyttu. Í dag halli einkum á ungt fólk í trúnaðarstörfum fyrir félagið, ekki kyn. Hún sagðist ekki hlynnt kynjafléttu almennt en styddi kynjakvóta til skamms tíma, það hafi þurft til að hleypa konum að. Í langri sögu VR hafi karlar eingöngu setið í stjórn megnið af tímanum, aðeins tvær konur hafi t.d. gegnt embætti formanns.

Að umræðum loknum var gengið til atkvæða um tillögurnar. Tillögur #1 og #2 voru lagðar í rafræna kosningu og var niðurstaðan sem hér segir:

#### Tillaga #1:

Já sögðu 75,7% eða 84.  
Nei sögðu 20,7% eða 23.  
4 tóku ekki afstöðu eða 3,6%.

#### Tillaga #2:

Já sögðu 74,5% eða 79  
Nei sögðu 24,5% eða 26.  
1 tók ekki afstöðu eða um 1%.



## Tillögur #3, #4 og #5 voru lagðar fyrir í handauppréttingu.

Allar samþykktar samhljóða.

Þá bar fundarstjóri lög VR upp með áorðnum breytingum.

Samþykkt mótatkvæðalaust.

Lögin með samþykktum breytingum eru sem hér segir:

### 1. gr. Heiti, starfssvæði

Félagið heitir VR og er stéttarfélag verslunarfólks, þjónustufólks, skrifstofufólks, leiðsögufólks, sérfræðinga og stjórnenda. Félagssvæði þess nær yfir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar, Kjósahrepps, Reykjanesbæjar, Grindavíkurbæjar, Suðurnesjabæjar, sveitarfélagsins Voga, Vestmannaeyja, Árnessýslu, Rangárvallarsýslu, Vestur-Skaftafellssýslu, Húnaþings vestra, Akraness, Hvalfjarðarsveitar, Langanesbyggðar, Vopnafjarðarhrepps, Múlaþings, Fljótisdalshrepps og Fjarðabyggðar. Félagssvæði leiðsögufólks í VR nær yfir allt landið. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

### 2. gr. Tilgangur

Tilgangur félagsins er að efla og styðja hag verslunarfólks, þjónustufólks, skrifstofufólks, leiðsögufólks, sérfræðinga og stjórnenda á félagssvæðinu með því að vinna að framgangi allra þeirra mála er verða mega til aukinna réttinda og menningar og bættra kjara launafólks í landinu.

Félagið gerir kjarasamninga fyrir félagsfólk sitt og kemur fram fyrir hönd þess gagnvart stjórnvöldum og öðrum, að því er varðar hagsmuni félagsfólks

### 3. gr. Félagsaðild

Félagið er opið öllu verslunarfólki, þjónustufólki, skrifstofufólki, leiðsögufólki, sérfræðingum og stjórnendum, háskólamenntuðum sem öðrum.

Félagsfólk geta þau orðið sem starfa á starfssviði félagsins sem launafólk og starfa eftir kjarasamningum VR eða eru sjálfstætt starfandi á starfssviði VR.

Félagsfólk sem missir starf sitt á vinnumarkaði getur áfram verið félagsfólk gegn greiðslu félagsgjalds af greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem sjóðurinn hefur milligöngu um að skila til VR. Hafi það ekki verið félagar í VR við upphaf atvinnuleysisbótageiðslna skal það hafa greitt félagsgjald til VR að lágmarki í 36 mánuði á síðustu 5 árum fyrir umsókn atvinnuleysisbóta. Sama á við um þau sem fá greiðslur úr fæðingarorlofssjóði.

Félagsfólk sem hættir störfum á vinnumarkaði vegna örorku getur verið áfram félagsfólk, þó án þess að njóta kjörgengis í félaginu, gegn greiðslu félagsgjalds til VR hjá þeim lífeyrissjóðum sem bjóða milligöngu um að skila félagsgjöldum til stéttarfélaga. Skal það hafa verið félagsfólk í VR óslitið í 5 ár áður en til örorku kom og skal greiðsla félagsgjalda með þessum hætti hefjast eigi síðar en innan 12 mánaða frá fyrstu greiðslu örorkulífeyris.



Eldra félagsfólk sem fær greiddan ellilífeyri og hefur verið í félaginu í a.m.k. 5 ár samfellt fyrir töku eftirlauna telst áfram félagsfólk í VR en nýtur ekki kjörgengis.

Þau sem hverfa frá störfum um stundarsakir vegna náms eða veikinda geta nýtt sér áunninn rétt við inngöngu að nýju, skv. nánari reglum félagsins.

Fullgilt félagsfólk geta þau orðið sem:

1. Náð hafa 16 ára að aldri.
2. Eru skuldlaus við félagið eða önnur stéttarfélög.
3. Eru greiðandi og hafa greitt lágmarksfélagsgjald á undangengnum 12 mánuðum sbr. 9. gr., þó með þeim undantekningum sem kveðið er á um í lögum þessum, og staðfest hafa aðild sína að félaginu skv. nánari ákvæðum laga þessara.
4. Unglingar geta orðið félagsfólk þó þeir hafi ekki náð 16 ára aldri en njóta þó ekki kjörgengis í félaginu.

Sjálfstætt starfandi á vinnumarkaði geta orðið félagar í VR með takmörkuðum réttindum skv. reglum einstakra sjóða. Sjálfstætt starfandi njóta ekki kjörgengis í félaginu en geta boðið sig fram til setu í stjórn deildar leiðsögufólks. Sjálfstætt starfandi og/eða eigendur fyrirtækja eiga ekki rétt á að greiða atkvæði um kjarasamninga eða verkföll.

Sjálfstætt starfandi teljast þau sem ber að áætla sér reiknað endurgjald samkvæmt ákvörðun skattayfirvalda auk þeirra sem skráð eru sem launafólk hjá eigin fyrirtæki, enda hafa þau þannig ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar. Þar sem sjálfstætt starfandi og/eða fjölskyldumeðlimur rekstraraðila teljast hafa ráðandi stöðu skulu iðgjöld þeirra ávallt vera greidd og í skilum ef sækja á þjónustu til VR eða réttindi í sjóðum félagsins.

Fullgildur félagi sem byggir fullgilda aðild sína á greiðslu iðgjalda af þóknun fyrir setu í stjórnnum eða ráðum á vettvangi félagsins eða fyrir þess hönd að hluta eða öllu leyti nýtur ekki kjörgengis. Ákvæði þetta tekur ekki til kjörinna fulltrúa sem jafnframt eru starfskraftar félagsins.

#### **4. gr. Innganga í félagið**

Umsækjendur um félagsaðild skulu óska aðildar að félaginu með inntökubeiðnum eða með skilum á gjöldum til félagsins. Aðild nýs félaga að félaginu skal staðfest af skrifstofu félagsins árlega og skal félagið senda viðkomandi tilkynningu um staðfestingu á inngöngu í félagið. Geri hann ekki athugasemdir um aðild innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar telst hann orðinn félagi. Ekki er þörf sérstakrar staðfestingar ef viðkomandi hefur áður greitt til félagsins.

Um iðgjöld þeirra sem ekki kjósa að gerast félagsfólk gilda ákvæði kjarasamninga félagsins á hverjum tíma. Sé vafi um rétt til aðildar skal stjórn úrskurða um málið. Unnt er að skjóta þeirri ákvörðun til úrskurðar trúnaðarráðs. Nýjum félögum og sjálfstætt starfandi sem óska aðildar að félaginu er skylt að veita upplýsingar um starfssvið, áætlaðar tekjur og gögn frá opinberum aðilum til staðfestingar á tekjum sé þess óskað.

## 5. gr. Réttindi og skyldur

Réttindi félagsfólks eru:

1. Málfrelsi, tillögu- og atkvæðaréttur á fundum félagsins. Atkvæðisréttur um kjarasamninga félagsins er bundinn þeim sem starfa samkvæmt þeim kjarasamningi sem kosið er um hverju sinni.
2. Allt fullgilt félagsfólk hefur kjörgengi til trúnaðarstarfa innan félagsins, þó með þeim undantekningum sem getið er um í 3.gr.
3. Réttur til styrkja og greiðslna úr sjóðum félagsins í samræmi við reglur þeirra.
4. Réttur til að vinna þau störf sem kjarasamningar taka til.
5. Réttur til afnota af sameiginlegum eignum eftir nánari reglugerðum og reglum félagsins, s.s. orlofshúsum, tjaldvögnum o.fl.
6. Réttur til aðstoðar félagsins við vanefndir atvinnurekanda á starfskjörum.

Skyldur félagsfólks eru:

1. Að hlíta lögum félagsins, fundarsköpum, fundarsamþykktum og halda í einu og öllu samninga sem félagið hefur gert.
2. Að greiða félagsgjald.

## 6. gr. Úrsögn

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og send skrifstofu félagsins. Ekki er hægt að segja sig úr félaginu eftir að kröfugerð í vinnudeilu hefur verið vísað til ríkissáttasemjara og þar til samningar hafa náðst. Einnig er óheimilt að segja sig úr félaginu til þess að taka upp störf félagsmeðlima innan Landssambands Íslenskra verzlunarmanna og Alþýðusambands Íslands sem lagt hafa niður vinnu vegna vinnudeilu.

Fella skal burt af félagaskrá hvern þann féлага sem tekur að stunda atvinnu sem fellur undir starfssvið annarra stéttarféлага.

## 7. gr. Brottvikning

Stjórn félagsins getur vikið úr félaginu þeim, sem að hennar áliti brýtur lög félagsins, samninga þess við atvinnurekendur eða vinnur gegn hagsmunum þess. Ákvörðun stjórnar er heimilt að vísa til úrskurðar trúnaðarráðs. Til samþykkis slíkrar brottvikningar þarf 2/3 greiddra atkvæða, hvort sem er á trúnaðarráðsfundi eða stjórnarfundi. Brottvikningu skal ekki beitt nema sakir séu miklar eða brot sem áminnt hefur verið fyrir, verið ítrekað. Áður en til brottvikningar kemur skal féлага gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum skriflega á framfæri við stjórn.

## 8. gr. Heiðursfélagar - gullmerki

Stjórn félagsins er heimilt að velja heiðursféлага og sæma fólk gullmerki félagsins. Heiðursfélagar eru undanskildir félagsgjaldi.

## 9. gr. Félagsgjöld

Aðalfundur ákveður félagsgjaldið hverju sinni. Þó er heimilt að innheimta félagsgjaldið sem hundraðshluta af launum af sama grunni og iðgjald til Lífeyrissjóðs verzlunarmanna og kveða á um lágmarksfélagsgjald.

## 10. gr. Stjórn

Stjórn félagsins skipa 15 aðalmenn og fjórir til vara. Formaður skal kosinn til fjögurra ára í senn, meðstjórnendur skulu kosnir sjö í einu til fjögurra ára og annað hvert ár ganga sjö úr stjórninni á víxl. Varamenn skuli kosnir til tveggja ára í senn. Stjórn félagsins skal setja sér starfsreglur. Stjórnin kýs sér varaformann og ritara og skiptir að öðru leyti með sér störfum. Meirihluta stjórnar þarf til að skuldbinda félagið.

## 11. gr. Hæfi stjórnarmanna

Stjórnarmenn skv. 10. gr. og, ef við á, stjórnarmenn sjóða skv. 3. mgr. 26. gr. skulu starfa á starfssviði VR. Sama regla gildir um aðra kjörna fulltrúa í stjórnnum og ráðum félagsins. Stjórnarmenn skulu vera fjár síns ráðandi og mega ekki á sl. fimm árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað. Stjórnarmenn mega ekki eiga meira en 5% hlut í fyrirtæki sem er í atvinnurekstri á starfssviði félagsins. Það sama á við þó eignarhlutur þeirra sé undir 5%, fari maki stjórnarmanns eða börn hans með ráðandi hlut í slíku fyrirtæki. Stjórnarmenn mega ekki vera starfandi sem framkvæmdastjórar fyrirtækis, stofnunar eða félags þar sem réttarstaða framkvæmdastjóra rekstrar telst sú sama og sem hann væri sjálfur atvinnurekandi. Stjórnarmenn sem missa hæfi skv. framansögðu á kjörtímabili sínu eða segja sig frá stjórnarsetu víkja sjálfkrafa og tafarlaust úr stjórn og taka varamenn sæti í þeirra stað fram að næstu kosningum til stjórnar. Sama regla gildir um aðra kjörna fulltrúa í stjórnnum og ráðum félagsins. Frambjóðendur til stjórnar VR skulu og uppfylla ofangreind skilyrði við lok framboðsfrests sbr. 4. mgr., 20.3. gr., að teknu tilliti til 7. mgr. sömu greinar.

Sé ágreiningur um hæfi skal kjörstjórn úrskurða um það.

Við meðferð einstakra mála skal stjórnarmaður víkja sæti ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins.

## 12. gr. Störf stjórnar

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli aðalfunda.

Stjórn skal vinna að stefnumótun fyrir félagið og vinna að framgangi þeirra mála sem félagið hefur sett sér að vinna að.

Stjórn skal sjá um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi og í samræmi við lög félagsins.

Stjórn ber ábyrgð á fjárreiðum og eignum félagsins og tekur allar meiriháttar ákvarðanir sem snúa að fjármálum. Hún skal sjá svo um að fjármál séu jafnan í góðu horfi svo sem bókhald og meðferð fjármuna.

Stjórn fylgist með störfum deilda eða starfsgreina sem starfræktar eru eða kunna að verða.

Stjórn hefur að öðru leyti vakandi áhuga fyrir því sem félaginu má verða til heilla.

Stjórn skal ráða framkvæmdastjóra og fela honum daglegan rekstur skrifstofu félagsins. Stjórn er ekki heimilt að ráða stjórnarfolk eða formann félagsins sem framkvæmdastjóra þess. Framkvæmdastjóri ræður starfsfolk og semur um kjör þess. Launanefnd gerir tillögu að launum og starfskjörum formanns og framkvæmdastjóra sem síðan þarf samþykki stjórnar VR.

Stjórnarmenn skulu rækja skyldur sínar af heilindum, hafa möguleika á að verja þeim tíma til stjórnarstarfa sem slík seta krefst og taka sjálfstæðar ákvarðanir í hverju máli fyrir sig.

### **13. gr. Stjórnarfundir**

Stjórnin heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og skal það sem á fundunum gerist skráð í fundargerðarbók, í samræmi við starfsreglur stjórnar hverju sinni. Fundur er lögmætur þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Formaður sér um að boða til funda og stjórnar þeim. Ritari stjórnar sér um að fundargerðir séu ritaðar og varðveittar með öruggum hætti.

Varaformaður gegnir skyldum formanns í forföllum hans.

Halda skal fund ef a.m.k. fjórir stjórnarmenn krefjast þess. Afl atkvæða ræður úrslitum um afgreiðslu mála.

### **14. gr. Trúnaðarráð**

Í félaginu skal starfa trúnaðarráð sem skal vera stjórn félagsins ráðgefandi varðandi ýmis stærri málefni sem upp koma í starfsemi félagsins, s.s. við gerð kjarasamninga og meiriháttar framkvæmda á vegum félagsins. Auk þess skal trúnaðarráð gera annað það sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Í trúnaðarráði sitja auk stjórnar, varastjórnar, Ungliðaráðs og formanns Öldungaráðs stjórnir deilda sem verða til við sameiningu VR og annarra verslunarmannafélaga af landsbyggðinni og 82 fulltrúar kosnir í allsherjaratkvæðagreiðslu til fjögurra ára í senn. Njóti formaður Öldungaráðs ekki kjörgengis samkvæmt. 3. gr. laga VR, skal viðkomandi hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum trúnaðarráðs, en ekki atkvæðisrétt. Formaður félagsins er jafnframt formaður trúnaðarráðs og boðar hann til fundar eftir því sem þurfa þykir eða þegar a.m.k. fjórir stjórnarmenn eða 15 fulltrúar úr trúnaðarráði krefjast fundar skriflega.

### **15. gr. Deildir**

Stjórn félagsins er heimilt að starfrækja deildir innan félagsins eftir starfsgreinum /atvinnugreinum þess og landssvæðum. Hlutverk deildar er meðal annars að vinna að sameiginlegum hagsmunum starfsfólks í starfsgreinum / atvinnugreinum og landssvæðum, stuðla að fræðslu þeirra og fjalla um kjaramál fyrir starfsgreinarnar/ atvinnugreinarnar og landssvæðin. Stjórn deildar er kosin á ársfundi. Stjórn deildar er skipuð að lágmarki þremur aðilum sem skipta með sér verkum, varamenn skulu vera jafnmargir. Kjörtímabil stjórnar er tvö ár. Stjórn deildarinnar getur fengið fjármuni, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar félagsins, til ráðstöfunar til fræðslu- og menningarmála innan deildarinnar. Deild skal setja sér starfsreglur sem stjórn félagsins staðfestir.

### **16. gr. Trúnaðarmenn**

Formaður, fyrir hönd stjórnar félagsins, staðfestir val á trúnaðarmönnum á vinnustöðum og fullgildir skipun þeirra með erindisbréfi sem þeir starfa eftir.

Trúnaðarmenn skulu hafa eftirlit með að lögum félagsins og samþykktum og að samningum sé hlýtt.

Trúnaðarmenn eru tengiliðir starfsfólks á viðkomandi vinnustað við stjórn og starfsfólk félagsins. Að öðru leyti fer um starfsemi, réttindi og skyldur trúnaðarmanna að lögum og kjarasamningi félagsins.



## 17. gr. Samninganefnd

Samninganefnd skal vera starfandi í félaginu. Samninganefnd kemur fram fyrir hönd félagsins við gerð kjarasamninga. Stjórn félagsins er jafnframt samninganefnd þess. Stjórn er heimilt að kalla fleira félagsfólk til setu í samninganefnd eftir því sem þurfa þykir. Við gerð sérkjarasamninga, vinnustaða- eða fyrirtækjasamninga er samninganefnd heimilt að skipa minni samninganefnd.

Kröfugerð við gerð aðalkjarasamninga skal borin upp í trúnaðarráði til samþykktar áður en hún er lögð fram við samningagerð.

## 18. gr. Allsherjaratkvæðagreiðsla

Allsherjaratkvæðagreiðslu skal viðhafa:

1. Um kosningu stjórnar og trúnaðarráðs.
2. Um vinnustöðvun. Nú er vinnustöðvun einungis ætlað að taka til ákveðins hóps félagsfólks eða starfsfólks á tilgreindum vinnustað og er þá heimilt að taka ákvörðun um vinnustöðvun með atkvæðum þeirra sem henni er ætlað að taka til.
3. Um miðlunartillögu ríkissáttasemjara, eftir því sem við á.
4. Þegar trúnaðarráð eða lögmætur félagsfundur samþykkir að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu í félaginu.

Við allsherjaratkvæðagreiðslu skal viðhafa almenna leynilega atkvæðagreiðslu meðal félagsfólks samkvæmt reglum ASÍ, nema sérstakar aðstæður hamli.

## 19. gr. Kjörstjórn

Kjörstjórn skal skipuð þremur aðilum við kosningar í félaginu, tveimur tilnefndum af stjórn félagsins og einum tilnefndum af Landssambandi íslenskra verzlunarmanna eða Alþýðusambandi Íslands. Tilnefna skal jafnmarga til vara. Kjörstjórn sér alfarið um framkvæmd kosninga samkvæmt reglugerð ASÍ.

## 20. gr. Kosning formanns, stjórnar og trúnaðarráðs

### 20.1. Um kosningu formanns og stjórnar

Formaður skal kosinn í einstaklingskosningu fjórða hvert ár. Annað hvert ár skulu sjö stjórnarmenn kosnir til fjögurra ára og fjórir varamenn til tveggja ára í einstaklingsbundinni kosningu.

Komi fram fleiri framboð en sæti sem í boði eru skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgilds félagsfólks.

Berist ekki nægilega mörg framboð skal stjórn félagsins gera tillögu um stjórnarfólk sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar. Ef fleiri tillögur koma fram á fundi trúnaðarráðs skal kosið á milli þeirra á fundinum. Afl atkvæða ræður úrslitum.

### 20.2. Um kosningu í trúnaðarráð

Annað hvert ár skal kjósa 41 fulltrúa í listakosningu til setu í trúnaðarráði til fjögurra ára í senn. Missi trúnaðarráðsliði hæfi til setu í ráðinu sbr. 3 mgr. 11. gr. á fyrsta ári kjörs hans, skal í næstu kosningu til trúnaðarráðs fjöldi fulltrúa á framboðslista vera aukinn umfram 41 sem nemur þeim fjölda sem misst hefur hæfi. Þeir sem bætast þannig við framboðslistann skulu þó aðeins vera í kjöri til tveggja ára.

Komi fram fleiri en einn listi skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgilds félagsfólks. Þá skal kosið á milli lista og sá listi sem fær flest atkvæði telst rétt kjörinn. Stjórn og trúnaðarráði er skylt að stilla upp lista til trúnaðarráðs. Sama einstaklingi er óheimilt að skipa sæti samtímis á lista til trúnaðarráðs og í einstaklingskosningu til formanns eða stjórnar félagsins. Auglýsa skal í vefmiðlum VR og stærstu fréttamiðlum, eða á annan sannanlegan hátt, eftir félagsfólki sem vill taka sæti á listanum.

Uppstillingarnefnd skipuð formanni og fjórum einstaklingum kosnum af trúnaðarráði skal skipuð fyrir 15. janúar annað hvert ár. Nefndin skal velja frambjóðendur á listann úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér og kannar kjörgengi þeirra.

Berist ekki nægilega mörg framboð skal uppstillingarnefnd gera tillögu um fulltrúa til setu á listanum sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar.

Hafi fleiri gefið kost á sér en sætin sem skipa á skal listinn borinn upp í trúnaðarráði til samþykktar. Sá aðili sem gefið hefur kost á sér en ekki fengið sæti á listanum getur krafist þess að kosið verði um frambjóðendur á fundi trúnaðarráðs.

### **20.3. Um framkvæmd kosninga**

Kjörstjórn úrskurðar um lögmati framboða.

Kjörstjórn sér um og tekur ákvarðanir um framkvæmd kosninga. Ákvarðanir kjörstjórnar eru endanlegar.

Kjörstjórn skal auglýsa eftir framboðum í vefmiðlum VR og stærstu fréttamiðlum, eða á annan sannanlegan hátt. Framboðsfrestur skal vera að minnsta kosti ein vika.

Framboðum skal skila til kjörstjórnar og skulu fylgja þeim upplýsingar um nafn og kennitölu frambjóðenda. Skrifleg meðmæli 15 félaga þarf vegna framboðs til stjórnar. Skrifleg meðmæli 50 félaga þarf vegna framboðs til formanns. Framboðsgögnum má skila til kjörstjórnar á pappírformi á skrifstofu félagsins eða rafrænt.

Við framboð lista til trúnaðarráðs skal liggja fyrir skriflegt samþykki allra þeirra sem á listanum eru.

Til að listi sem borinn er fram gegn lista trúnaðarráðs sé löglega fram borinn þarf skrifleg meðmæli 1% félagsfólks.

Kjörstjórn er heimilt að gefa sólarhringsfrest til að lagfæra annmarka á framboðum. Kjörstjórn úrskurðar um hæfi og kjörgengi allra frambjóðenda og auglýsir að því loknu upphaf atkvæðagreiðslu sbr. reglugerð ASÍ um leynilega allsherjaratkvæðagreiðslu. Úrskurðir kjörstjórnar eru endanlegir.

Kosning skal fara fram innan sex vikna frá því að framboðsfrestur rennur út.

Kosningum til trúnaðarstarfa í félaginu skal lokið eigi síðar en 15. mars ár hvert.

Frambjóðendur í einstaklingskosningu geta dregið framboð sitt til baka allt að viku fyrir upphaf kosninga. Frambjóðendur í listakosningu geta ekki dregið framboð sitt til baka eftir að framboðsfresti lýkur.

Skrifstofa félagsins sér um kynningu á frambjóðendum í miðlum félagsins eins og þeir eru á hverjum tíma. Halda skal kynningarfundum meðal félagsfólks krefjist einn eða fleiri frambjóðenda þess. Um framkvæmd og undirbúning kosninga fer að öðru leyti eftir reglugerð ASÍ um leynilegar atkvæðagreiðslur.

## 20.4. Um kjörseðla og röðun á lista

Við kosningu til stjórnar:

Raða skal frambjóðendum á kjörseðlinn í handahófskenndri röð og kjósendur merkja við minnst einn en mest sjö. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í aðalstjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá sem flest atkvæði fékk af öðru kyni og skal sú kynjaflétta ráða röðun 7 aðalmanna. Kosning og röðun varamanna skal byggja á fjölda atkvæða eingöngu, án tillits til kyns. Þau sjö sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu um kosningu aðalmanna teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til fjögurra ára. Næstu fjögur teljast rétt kjörnir varamenn til tveggja ára, samkvæmt því sem segir um kosningu varamanna.

Við kosningu til trúnaðarráðs:

Séu fleiri listar en listi stjórnar og trúnaðarráðs skal merkja listana með bókstaf hvern fyrir sig í þeirri röð sem þeir berast. Nöfnum á hverjum lista skal raða í stafrófsröð. Sé á fundi trúnaðarráðs kosið milli einstaklinga sem skipa skulu listann, sbr. 5.mgr. 20.gr. 2, skal nöfnum raða á kjörseðil í stafrófsröð.

## 21. gr. Kjör á þing LÍV og ASÍ

Um kosningu fulltrúa á þing Landssambands Íslenskra verzlunarmanna og þing Alþýðusambands Íslands er heimilt að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu og skal hún fara fram eftir reglugerð ASÍ þar um. Komi til allsherjaratkvæðagreiðslu um lista fulltrúa þarf samþykki allra þeirra sem á listanum eru að liggja fyrir. Til að listi sem borinn er fram gegn lista stjórnar og trúnaðarráðs VR sé löglega fram borinn þarf hann skrifleg meðmæli 1% félagsfólks. Taka skal mið af 18. grein um kosningar eftir því sem við á.

## 22. gr. Jafnræði

Við val á félagsfólki til trúnaðarstarfa fyrir félagið skal gætt jafnræðis milli kynja og milli starfsgreina.

## 23. gr. Aðalfundir

Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok mars ár hvert og eigi síðar en 14 dögum eftir að kosningar til stjórnar hafa farið fram. Skal hann boðaður með auglýsingu í vefmiðlum VR og stærstu fréttamiðlum, eða á annan sannanlegan hátt, með tíu daga fyrirvara. Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Stjórn er heimilt að halda aðalfund með rafrænum hætti að hluta eða öllu leyti og skal tryggja að gætt sé jafnræðis meðal fundarfólks hvort sem það sækir fundinn á staðnum eða rafrænt. Rafræn þátttaka félagsfólks á slíkum rafrænum aðalfundum skal ávallt vera staðfest með viðurkenndum rafrænum auðkennum. Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins.

## 24. gr. Dagskrá aðalfundar

Dagskrá aðalfundar skal vera þannig:

1. Kosinn fundarstjóri.
2. Kosinn ritari.
3. Skýrsla stjórnarinnar um störf félagsins undanfarið starfsár.
4. Reikningar félagsins fyrir liðið almanaksár lagðir fram til samþykktar.
5. Lagabreytingar og reglugerðarbreytingar, ef tillögur liggja fyrir.
6. Lýst kjöri formanns, stjórnar og trúnaðarráðs, þegar við á.

7. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu og tveggja félagslega kjörinna skoðunarmanna.
8. Ákvörðun félagsgjalds.
9. Ákvörðun um laun stjórnarmanna.
10. Önnur mál.

## **25. gr. Félagsfundir**

Félagið heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Þó skal stjórninni skylt að boða til fundar, þegar eigi færri en 1% félagsfólks krefst þess skriflega og skal fundurinn haldinn innan sjö daga frá því að stjórninni barst krafan í hendur. Fundur telst lögmætur sé hann boðaður með auglýsingu í vefmiðlum VR og stærstu fréttamiðlum, eða á annan sannanlegan hátt, með minnst tveggja daga fyrirvara. Mál, sem ekki hafa verið greind í auglýstri dagskrá félagsfundar er ekki hægt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum en gera má ályktun til leiðbeiningar fyrir stjórn félagsins.

Heimilt er stjórn að boða fund með skemmri fyrirvara vegna sérstakra ástæðna, svo sem samningagerðar eða annars samkvæmt mati stjórnarinnar. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum nema þar sem lög þessi ákveða annað. Fundagerðarbók skal haldin og í hana ritað ágreip af því sem fram fer á fundum félagsins. Stjórn er heimilt að halda félagsfundi með rafrænum hætti að hluta eða öllu leyti og skal tryggja að gætt sé jafnræðis meðal fundarfólks hvort sem það sækir fundinn á staðnum eða rafrænt. Rafræn þátttaka félagsfólks á slíkum rafrænum félagsfundum skal ávallt vera staðfest með viðurkenndum rafrænum auðkennum.

Lögmætir félagsfundir hafa æðsta vald í öllum málefnum félagsins milli aðalfunda innan þeirra takmarka sem lögin setja og hér að ofan greinir.

## **26. gr. Sjóðir**

Félagið rekur:

Félagssjóð, Sjúkrasjóð, Orlofssjóð, Varasjóð og Vinnudeilusjóð.

Í reglugerð sjóðanna skal tilgreina hlutverk, tekjur, hvernig greiðslum úr sjóðnum er háttað og annað það er viðkemur rekstri sjóðanna.

Stjórn VR er stjórn sjóðanna en heimilt er að skipa sérstaka stjórn um hvern sjóð fyrir sig.

Sjóðir félagsins skulu ávaxtaðir með eftirfarandi hætti:

- a) í ríkisskuldabréfum, í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs,
- b) með kaupum á markaðsskráðum verðbréfum,
- c) á banka- eða sparisjóðsreikningum,
- d) í fasteignum tengdum starfsemi og markmiðum sjóðanna,
- e) á annan þann hátt er stjórn og trúnaðarráð meta tryggan.

## **27. gr. Reikningar**

Stjórn félagsins leggur fram reikninga sem skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og áritaðir af honum og skoðunarmönnum félagsins. Skulu þeir liggja þannig frammi á skrifstofu félagsins og vefsíðu þess, félagsfólki til sýnis sjö dögum fyrir aðalfund.

## 28. gr. Lagabreytingar

Lögum þessum verður eigi breytt nema á lögsmætum aðalfundi. Heimilt er þó á aðalfundi eða framhaldsaðalfundi að vísa lagabreytingum til allsherjaratkvæðagreiðslu.

Í fundarboði skal þess getið að lagabreytingar séu á dagskrá.

Lagabreytingatillögur stjórnar skulu kynntar í trúnaðarráði.

Tillögum um lagabreytingar skal skilað til félagsstjórnar eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund. Á aðalfundi er eingöngu heimilt að gera breytingatillögur við þær lagabreytingar sem lagðar hafa verið fyrir félagsstjórn með þessum hætti. Aðrar breytingatillögur verða ekki teknar fyrir.

Allar lagabreytingatillögur skulu liggja frammi á skrifstofu og vefsíðu félagsins í sjö daga fyrir aðalfund.

Til lagabreytinga þarf samþykki 2/3 greiddra atkvæða. Breytingar á lögnum koma þá fyrst til framkvæmda er miðstjórn Alþýðusambands Íslands og stjórn Landssambands íslenskra verzlunarmanna hafa staðfest þær.

## 29. gr. Slit félagsins

Félaginu verður ekki slitið nema 3/4 alls félagsfólks samþykki það og þessari ákvörðun verður ekki breytt með tilvitnun til ákvæðis 28. gr.

## 6. Reglugerðarbreytingar – VR varasjóður

Fundarstjóri bauð Stefáni Sveinbjörnssyni aftur í pontu til að gera grein fyrir tillögum stjórnar um breytingar á reglugerð um VR varasjóð.

Stefán sagði helstu breytingu þá að auka frjálsræði félagsfólks í nýtingu sjóðsins, það er að félagsfólk geti nýtt inneign í VR varasjóði í þágu eigin barna. Slíkt hafi ekki verið heimilt áður. Þá er gerð tillaga að því að lágmarksupphæð styrkja verði eitt þúsund krónur til að einfalda afgreiðslu og auka hagræði.

Þriðja tillagan geri ráð fyrir því að færa orðalag um upplýsingagjöf til félagsfólks til þess hvernig henni er háttað í dag. Þegar VR varasjóður var settur á laggirnar voru Mínar síður á vr.is ekki komnar í notkun og umhverfi samskipta og upplýsingagjöf frá félaginu með allt öðrum hætti en nú er. Undanfarin ár hafa upplýsingar um inneign og hreyfingar í VR varasjóði verið birtar á Mínum síðum. Þegar lagt er inn í sjóðinn eftir aðalfund ár hvert er það tilkynnt á vef og samfélagsmiðlum VR og félagsfólk hefur tækifæri til að kynna sér stöðuna á Mínum síðum. Þá er félagsfólki sem hættir í félaginu sent bréf þar sem m.a. koma fram upplýsingar um VR varasjóð og hvernig fyrningu inneignar er háttað.

Stefán fór því næst yfir hverja tillögu fyrir sig. Í tillögunum hér að neðan eru breytingar eða viðbætur merktar með bláu og texti sem felldur er á brott er merktur með rauðu og yfirstrikaður.



## Tillaga #1

### 2. gr. Verkefni

2.1. VR varasjóður er upplýsingakerfi um sérgreindan rétt félagsfólks. Í því felst hvatning til félagsfólks til að koma sér upp varasjóði til að mæta hugsanlegum áföllum, auðvelda því að viðhalda stöðu sinni á vinnumarkaði, til forvarna og auðvelda fólki að njóta orlofs. [Heimilt er að nýta varasjóð í þágu barna félagsfólks](#). Kerfið geymir sérgreinda réttindainneign félagsfólks, sem það getur nýtt vegna:

- námsorlofs og kaupa á menntunarþjónustu
- framfærslu samhliða atvinnuleysisbótum og greiðslum
- starfsloka eftir að 60 ára aldri hefur verið náð
- vegna heilsubreysts
- kaupa á líf-, slysa- og sjúkdómatryggingum
- kaupa á líkamsræktar-, endurhæfingar-, sálfræði- og læknis- og tannlæknaþjónustu
- [kaupa á æfingagjöldum, endurhæfingar- sálfræði- og læknis- og tannlækningaþjónustu barna](#)
- kaupa á hjálpartækjum s.s. gleraugum og heyrnartækjum
- kaupa á orlofstengdri þjónustu

## Tillaga #2

### 2. gr. Verkefni

Hér er lagt til að bæta við setningu fyrir neðan listann yfir mögulega nýtingu inneignar hér að framan um lágmarksfjárhæð styrkja sem hér segir:

[Lágmarksfjárhæð styrkumsóknar er 1 þúsund krónur.](#)

## Tillaga #3

### 3. gr. Tekjur og réttindaávinnsla

~~3.3. Félagssólki sem á inneign yfir viðmiðunarmörkum sem stjórn VR ákveður á hverjum tíma, skal a.m.k. einu sinni á ári sent yfirlit ef hreyfing hefur orðið á réttindum á undanliðnum tveimur árum. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum.~~

3.3. Félagssólki hefur aðgang að inneign og hreyfingum í VR varasjóði á Mínum síðum á vr.is. Félagssólki sem hættir í félaginu fær sent bréf þar sem það er minnt á inneign í VR varasjóði og hversu langan tíma það hefur til að nýta inneign sína í sjóðnum.

## Umræður

Enginn tók til máls og voru tillögurnar þrjár lagðar í atkvæðagreiðslu með handauppréttingu. Allar voru samþykktar samhljóða.



## 7. Reglugerðarbreytingar – Sjúkrasjóður VR

Fundarstjóri bauð Stefáni Sveinbjörnssyni að gera grein fyrir tillögum stjórnar að breytingum á reglugerð Sjúkrasjóðs.

Stefán ítrekaði það sem hann sagði þegar hann fór yfir reikninga félagsins að Sjúkrasjóður VR væri ekki sjálfbær. Tryggingarfræðileg úttekt hafi sýnt fram á að sjóðurinn getur ekki staðið við skuldbindingar sínar til framtíðar, yngri kynslóðin sé að greiða fyrir þau eldri en á sama tíma sé ekki verið að safna sjóði til framtíðar. Aukin veikindi síðustu ár hafa lagst þungt á sjóðinn, 99% af iðgjöldum í sjóðinn fer í dagpeninga, dánarbætur og rekstur. Sjúkrasjóður hefur ekki fjárhagslegt bolmagn til að bregðast við væntum útgjöldum, leggja til framlag í VR varasjóð eða byggja upp sjóð fyrir skuldbindingum framtíðar.

Ná þarf fram 700 m.kr. hagræðingu til að sjóðurinn geti sinnt hlutverki sínu og hefur stjórn rætt málið og leggur til nokkrar aðgerðir. Stefán sagði að verði ekki brugðist við sé ljóst að sjóðurinn hafi ekki burði til að greiða dapeninga þegar fram líða stundir. Tillögur stjórnar fela í sér eftirfarandi:

- Tímabil dagpeninga verði stytt, úr sjö mánuðum í sex að hámarki. Réttur til dagpeninga verði tvískiptur, að fjórum mánuðum liðnum verði hægt að sækja um allt að tvo mánuði til viðbótar.
- Dagpeningar frá VR nemi 80% af launum, að teknu tilliti til dagpeninga frá Sjúkratryggingum Íslands.
- Dagpeningar atvinnuleitenda verði skilyrtir greiðslu iðgjalds í Sjúkrasjóð.
- Hafni umsækjandi um sjúkradagpeninga raunhæfri endurhæfingu, verði sjóðnum heimilt að fella niður frekari greiðslur.
- Gerðar verði breytingar á dánarbótum eldra félagsfólks sem falli niður tveimur árum eftir að viðkomandi verður eldri félagi.
- Tekinn verði upp fæðingarstyrkur.

Verði farið að tillögum stjórnar hefur það í för með sér hagræðingu að upphæð 705 m.kr. Stefán fór því næst yfir hverja tillögu fyrir sig. Hér er um að ræða tillögur um breytingar á reglugerð sjóðsins, starfsreglur sjóðsins munu einnig taka breytingum, verði þessar tillögur samþykktar.

Í tillögunum hér að neðan eru breytingar eða viðbætur merktar með bláu og texti sem felldur er á brott er merktur með rauðu og yfirstrikaður.

### Tillaga #1

#### 9. gr. Réttur til styrkveitinga úr Sjúkrasjóði VR

9.3 Sá aðili sem öðlast hefur rétt til greiðslu úr sjúkrasjóði eins verkalýðsfélags innan ASÍ **eða BSRB** öðlast rétt hjá Sjúkrasjóði VR, skv. 2. gr., eftir að greitt hefur verið vegna hans til sjóðsins í einn mánuð, enda hafði hann fram að því átt rétt hjá fyrra félaginu.



## Tillaga #2

### 9. gr. Réttur til styrkveitinga úr Sjúkrasjóði VR

9.4 a) Almennt skapast ekki réttindi í Sjúkrasjóði VR með iðgjaldagreiðslum af ~~atvinnuleysisbótum eða~~ fæðingar-orlofsgreiðslum, nema hjá þeim sem voru félagar í VR þegar þeir ~~misstu vinnu og sóttu um atvinnuleysisbætur eða~~ hófu töku fæðingarorlofs. Heimilt er þó að veita slík réttindi í Sjúkrasjóði VR þeim ~~atvinnuleitendum~~ sem greitt hafa félagsgjald til VR í a.m.k. 36 mánuði af síðustu 60 mánuðum fyrir ~~töku fæðingarorlofs. skráningu á atvinnuleysisrá.~~

## Tillaga #3

### 9. gr. Réttur til styrkveitinga úr Sjúkrasjóði VR

9.4 b) Fæðingarorlof telst til vinnutíma og skerðir ekki rétt til bóta svo framarlega að greitt sé félagsgjald til VR af fæðingarorlofsgreiðslum.

## Tillaga #4

### 9. gr. Réttur til styrkveitinga úr Sjúkrasjóði VR

Lagt er til að ákvæðið verði felld út úr greininni:

~~9.6 Heimilt er að veita rétt til dánarbóta og styrkja vegna þeirra sem láta af störfum eftir 67 ára aldur.~~

## Tillaga #5

### 10. gr. ~~Sjúkra- og slysa~~Dagpeningar

Sjúkrasjóðurinn ~~skal að~~ greiðra ~~sjúkra- og slysa~~ dagpeninga ef launatekjur falla niður sökum veikinda eða slysa. ~~og skulu þeir vera 80% af meðallaunum.~~ Dagpeningar skulu, að viðbættum bótum almannatrygginga, greiðslum frá Sjúkratryggingum Íslands, greiðslum úr slysatryggingu launafólks eða annarri lögbundinni tryggingu, ekki nema lægri fjárhæð en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum. Við útreikning upphæðar dagpeninga skal miða við greiðslur til ~~félags- og~~ Sjúkrasjóðs VR síðustu 6 mánuði áður en launagreiðslur féllu niður. Hafi orðið verulegar breytingar á launum síðustu 6 mánuði er heimilt að meta tekjur sérstaklega og yfir lengra tímabil en þó aldrei lengra tímabil en 12 mánuði. ...

## Tillaga #6

### 10. gr. ~~Sjúkra- og slysa~~Dagpeningar

Almennt skal það vera skilyrði fyrir greiðslu dagpeninga að umsækjandi fari í mat hvort starfsendurhæfing sé raunhæf. Ef starfsendurhæfing er metin raunhæf en umsækjandi hafnar henni er heimilt að fella niður dagpeningagreiðslur.



~~Almennt skal það vera skilyrði greiðslu sjúkra og slysadagpeninga að umsækjandi komi fyrst til viðtals hjá ráðgjafa sjóðsins og að gögn hans séu skoðuð af trúnaðarlækni sjóðsins til að leggja mat á möguleg endurhæfingarúrræði. Sjúkra og slysadagpeningar þeirra sem hafna að taka þátt í boðnum úrræðum ráðgjafa sjóðsins skulu vera 72% af meðallaunum. Þó skal ekki koma til slíkrar skerðingar fyrr en að greiddir hafa verið a.m.k. 120 dagar á viðkomandi greiðslutímabili. Komi til slíkrar skerðingar er viðkomandi félagsmanni heimilt að krefjast þess að málið verði lagt fyrir framkvæmdastjórn sjóðsins til endanlegrar ákvörðunar.~~

Fjöldi daga á greiðslutímabili er ákvarðaður af framkvæmdastjórn sjóðsins og staðfestur af stjórn VR og skal hann tilgreindur í starfsreglum sjóðsins hverju sinni. Greiðslutímabil getur aldrei verið styttra en sem nemur því lágmarki sem tilgreint er í gildandi viðmiðunarreglugerð fyrir sjúkrasjóði aðildarfélaga ASÍ.

## Tillaga #7

### 11. Gr. Dánarbætur

VR greiðir dánarbætur við dauðsfall fullgildra félaga. Bótafjárhæðir fara eftir fjölskyldustærð og hvort viðkomandi var ennþá á vinnumarkaði og úthlutað samkvæmt gildandi starfsreglum Sjúkrasjóðs VR.

Heimilt er auk þess að greiða dánarbætur vegna barna félaga, yngri en 18 ára, eins og kveðið er á um í starfsreglum sjóðsins hverju sinni.

Heimilt er að greiða dánarbætur vegna andláts félagsfólks sem uppfyllir skilyrði sem eldri félagar skv. lögum VR. Réttur til dánarbóta fellur niður tveimur árum eftir að viðkomandi varð eldri félagi.

## Tillaga #8

### ~~12. gr. Slysabætur {Felld út á aðalfundi VR 2022} Sjá eldri reglugerð hér~~

Lagt er til að vísan í 12. gr. verði felld út en greinin sjálf var felld út á aðalfundi 2022. Verði greinin felld út, uppfærast númer á greinum sem á eftir koma.

## Tillaga #9

### 167. gr. Bóta aflað með sviksamlegum hætti

16.1 Sá sem reynir að afla sér bóta með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar, leynir eða lætur hjá líða að tilkynna um breytingar á högum sínum eða heilsu sem áhrif hefur á réttindi að fullu eða hluta samkvæmt þessari reglugerð skal missa rétt til bóta úr sjóðnum. Heimilt er að endurkrefja bótaþega um þegar greiddar bætur/dagpeninga sem aflað er með sviksamlegum hætti auk dráttarvaxta og innheimtukostnaðar. ~~Við fyrsta brot skal endurkrefja um ofgreiddar bætur auk þess sem viðkomandi skal ekki eiga rétt til greiðslu bóta úr Sjúkrasjóði VR fyrr en að tveimur mánuðum liðnum, sem ella hefðu verið greiddar á sama bótatímabili, eða næst þegar sótt er um bætur. Við annað brot skulu það vera þrjú mánuðir en við þriðja brot sex mánuðir. Réttur til bóta samkvæmt framansögðu dagpeninga og annarra bóta er háður því að endurgreiðsla ranglega greiddra bóta hafi farið fram.~~

16.2 Umsækjendur um sjúkradagpeninga þurfa að veita samþykki fyrir því að aflað sé upplýsinga úr staðgreiðsluskrá Skattsins á meðan umsókn um sjúkradagpeninga er í gildi.

## Tillaga #10

### Ákvæði til bráðabirgða

Þrátt fyrir ákvæði þessarar reglugerðar um heimild til að synja umsókn/greiðslu um sjúkradagpeninga skulu þau ákvæði ekki taka gildi fyrr en gerð hefur verið breyting á lögum ASÍ sem heimilar samsvarandi ráðstöfun.

Breytingar á gr. 9 og gr. 10 taka gildi 1. maí 2026.

Halla þakkaði framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs og starfsfólki skrifstofunnar fyrir vinnu við tillögurnar. Hverjum steini var velt við til að reyna að finna lausnir á vanda sjóðsins en standa á sama tíma vörð um réttindi félagsfólks í veikindum, sagði Halla.

Halla sagði þessar tillögur hafa verið ræddar ítarlega í stjórn sem sé einhuga um að taka verði á vandamálinu en reyna að sækja fram í leiðinni. Skiptar skoðanir hafi verið um einstaka aðgerðir, t.d. styttingu greiðslutímabils dæpeninga og breytingu á dánarbótum eldri félaga, en allt telji þetta til þeirrar hagræðingar sem þörf er á. Verkefni stjórnar sé að forgangsraða.

### Umræður

Bjarni Þór Sigurðsson sagði stjórn hafa horfst í augu við vanda. En e.t.v. mætti leita annarra leiða, leggja til hækkun félagsgjalds og halda greiðslutímabilinu óbreyttu. Hann gagnrýndi breytingar á dánarbótum eldra félagsfólks. Sú heildarupphæð sé lítil, 30 m.kr., það sé félaginu til vansa að ætla að skerða þær bætur.

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, sem er formaður framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR, sagði að félagið hafi þurft að bregðast við. VR vilji styðja við fólk á vinnumarkaði, ekki síst ungt fólk sem er að koma sér upp húsnæði og fóta sig á vinnumarkaði þegar það veikist. Áherslan eigi að vera á að aðstoða launafólk við að komast inn á vinnumarkaðinn á nýjan leik eftir veikindi.

Benedikt Ragnarsson gagnrýndi breytingar á dánarbótum eldra félagsfólks. Betra væri að lækka þessar bætur en að fella þær út að ákveðnum tíma liðnum. Annað væri skammarlegt fyrir félagið. Hann benti einnig á að mikilvægt væri að skoða af hverju konum á aldrinum 35-55 hafi fjölgað svo á Sjúkrasjóði sem raun ber vitni.

Jónas Yngvi Ásgrímsson tók undir gagnrýni vegna breytinga á dánarbótum eldra félagsfólks sem margt hefur greitt til félagsins háar upphæðir án þess að fá nokkuð til baka. Fæðingarstyrkur verði fjármagnaður með því að skera niður annars staðar, viðbótin verði tekin af útfararstyrk eldra félagsfólks.

Sesselja Jónsdóttir tekur undir gagnrýni á breytingar á dánarbótum en lýsti yfir stuðningi við fæðingarstyrk. Spyr hvort hægt sé að færa á milli sjóða, t.d. úr starfsmenntasjóðum.

Signý Sigurðardóttir lýsti yfir stuðningi við þessar breytingar á dánarbótum og kvaðst ekki skilja af hverju þetta sé enn svona í reglunum.

Jennifer Schröder benti á mikið álag á fólki á vinnumarkaði og ef ekkert breytist, dregur ekki úr veikindatíðni ungra kvenna. Við verðum að velja og hafna.

Gabriel Benjamín, stjórnarmaður VR, sagði sjóðinn kominn í stöðu sem ekki sé verjanleg lengur. Ráðist hafi verið í vandaða vinnu við að finna fjármagn til að styrkja stöðu sjóðsins, þessar tillögur séu ekki lagðar fram af léttúð. Ef ekkert er að gert núna, sé bara verið að fresta vandanum sem kalli á stærri skref síðar.

Halla þakkaði fyrir góð og ærleg skoðanaskipti. Dánarbætur væru ekki stór upphæð, það væri rétt, en skipta samt máli þegar litið er á heildarmyndina. VR er félag fólks á vinnumarkaði og þau sem greiða í félagið fá margt til baka í formi samningsbundinna réttinda. Dánarbætur fari til eftirlifenda og geti skipt miklu máli – sérstaklega skipta þær máli þegar fólk sem enn er á vinnumarkaði fellur óvænt frá.

Þá sagði Halla það réttmæta spurningu af hverju aukningin hafi verið svona mikil meðal ungra kvenna á Sjúkasjóði. Það þurfi að skoða betur.

Stefán svaraði spurningunni hvort hægt væri að færa fé á milli sjóða. Hann sagði VR ekki stýra eitt starfsmenntasjóðum, atvinnurekendur kæmu einnig að því. Starfsmenntasjóðir hafi það hlutverk að mennta launafólk.

Í umræðum lagði Bjarni Þór Sigurðsson fram dagskrártillögu, að tillögum #4 og #7 verði vísað frá.

Að umræðum loknum er gengið til atkvæða um tillögurnar.

Fundarstjóri leggur tillögur #1, #2 og #3 í atkvæðagreiðslu með handauppréttingu. Allar þrjár eru samþykktar.

Þá leggur fundarstjóri dagskrártillögu um að vísa frá tillögum #4 og #7 (sem fjalla um sama atriði) frá fyrir fundinn í rafræna atkvæðagreiðslu. Spurningin var svohljóðandi: Samþykkir þú frávísun á tillögum #4 og #7 um breytingar á reglugerð Sjúkrasjóðs VR?

Nei sagði 61 eða 58%.  
Já sögðu 43 eða 41%.  
1 tók ekki afstöðu eða 1%

Þá lagði fundarstjóri tillögur #4 og #7 fyrir fundinn í rafrænni atkvæðagreiðslu.

Já sögðu 67 eða 65%.  
Nei sögðu 35 eða 34%.  
1 eða 1% tók ekki afstöðu.

Þá voru aðrar tillögur lagðar fyrir fundinn, tillögur #5, #6, #8, #9 og #10. Atkvæði voru greidd með handauppréttingu og voru allar samþykktar.

Þá var reglugerðin í heild lagðar fyrir fundinn og samþykkt í handauppréttingu. Reglugerðin með samþykktum breytingum er svohljóðandi:

## **1. gr. Nafn sjóðsins og heimili**

1.1 Sjóðurinn heitir Sjúkrasjóður VR.

1.2 Sjúkrasjóður VR er stofnaður með tilvísun til laga nr. 19, 1. maí 1979.

1.3 Sjúkrasjóður VR er eign VR. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

## **2. gr. Verkefni sjóðsins**

2.1 Verkefni sjóðsins er að veita félagsfólki VR fjárhagsaðstoð í veikinda-, slysa- og dánartilvikum.

2.2 Verkefni sjóðsins er ennfremur að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum er snerta starfsöryggi og heilsufar.

2.3 Sjóðurinn getur einnig varið fé til aðila sem vinna að bættu heilsufari.

2.4 VR er heimilt að taka að sér aðstoð við félagasamtök, sem um það semja, varðandi ofangreint verkefni.

2.5 Aðalfundi hverju sinni er heimilt að ákveða að hlutfall af iðgjaldi félagsfólks í Sjúkrasjóð VR renni inn í VR varasjóð og greiðist út samkvæmt reglugerð um VR varasjóð.

## **3.gr.**

3.1 Heimilt er að stofna til samstarfs við önnur félög um rekstur sjúkrasjóða.

## **4. gr. Tekjur**

4.1 Tekjur sjóðsins eru samningsbundin gjöld atvinnurekenda til sjóðsins skv. kjarasamningum VR á hverjum tíma sbr. 7. gr. laga nr. 19, 1. maí 1979.

4.2 Vaxtatekjur og annar arður.

4.3 Gjafir, framlög og styrkir.

4.4. Aðrar tekjur sem aðalfundur félagsins/sjóðsins kann að ákveða hverju sinni.

## **5. gr. Stjórn og rekstur**

5.1 Stjórn VR er jafnframt stjórn sjóðsins og ber ábyrgð á úthlutunum og öðrum fjárreiðum sjóðsins.

5.2 Stjórn VR er heimilt að fela fimm aðilum framkvæmdastjórn sem fer með stjórn og eftirlit með afgreiðslu sjóðsins. Framkvæmdastjórn kýs sér formann.

5.3 Stjórnun sjóðsins skal vera í samræmi við almennar stjórnsýslureglur.

5.4 Fjárreiður og umsjón með sjóðnum annast skrifstofa VR.

5.5 Sjúkrasjóður VR greiðir allan kostnað, sem af rekstri hans leiðir.

5.6 Ávallt skulu liggja fyrir upplýsingar um rétt félagsmanns til greiðslu úr sjóðnum.

5.7 Stjórn sjóðsins setur nánari starfsreglur um greiðslur bóta og aðra starfstilhögun.

## **6. gr. Reikningar og endurskoðun**

6.1 Reikningar sjóðsins skulu lagðir fram áritaðir af löggiltum endurskoðanda og félagslegum skoðunarmönnum félagsins fyrir aðalfund félagsins til afgreiðslu. Reikningsár sjóðsins er það sama og félagsins.

6.2 Endurskoðun ber að framkvæma af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi í samræmi við góða endurskoðunarvenju sem í gildi er á hverjum tíma.

6.3 Í ársreikningi eða skýringum með honum skal sundurliða sérstaklega kostnað vegna hvers og eins bótaflokks.

## **7. gr. Úttekt óháðra eftirlitsaðila**

7.1 Annað hvert ár skal framkvæmdastjórn sjóðsins fá óháðan tryggingafræðing eða löggiltan endurskoðanda til þess að meta framtíðarstöðu sjóðsins og hvort sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

7.2 Stjórn sjóðsins skal ávallt gæta þess að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

## **8. gr. Ávöxtun sjóðsins**

8.1. Heimilt er að ávaxta fé sjóðsins með eftirfarandi hætti:

- a) í ríkisskuldabréfum, í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs,
- b) með kaupum á markaðsskráðum verðbréfum,
- c) í bönkum eða sparisjóðum,
- d) í fasteignum tengdum starfsemi og markmiðum sjóðsins,
- e) á annan þann hátt er stjórn sjóðsins metur tryggan.

## **9. gr. Réttur til styrkveitinga úr Sjúkrasjóði VR**

9.1 Rétt til styrkveitinga úr sjóðnum eiga einungis þau sem verið er að greiða fyrir til sjóðsins þegar réttur til aðstoðar myndast og fullnægja eftirtöldum skilyrðum, samanber þó gr. 9.4, 9.6, 9.7 og 9.8.

9.2 Þau sem greitt hafa iðgjald til Sjúkrasjóðs VR fyrir einn mánuð skulu eiga rétt til greiðslna sjúkra- og slysadagpeninga en til þess að eiga rétt til annarra styrkja úr sjúkrasjóði, s.s. dánarbóta o.s.frv., þarf að hafa greitt iðgjald til Sjúkrasjóðs VR samfellt í a.m.k. 6 mánuði fyrir dagsetningu umsóknar. Heimilt er að dagpeningagreiðslur, styrkir og dánarbætur séu greidd m.v. starfshlutfall.

9.3 Sá aðili sem öðlast hefur rétt til greiðslu úr sjúkrasjóði eins verkalýðsfélags innan ASÍ eða BSRB öðlast rétt hjá Sjúkrasjóði VR, skv. 2. gr., eftir að greitt hefur verið vegna hans til sjóðsins í einn mánuð, enda hafði hann fram að því átt rétt hjá fyrra félaginu.

9.4

a) Almennt skapast ekki réttindi í Sjúkrasjóði VR með iðgjaldagreiðslum af fæðingarorlofsgreiðslum, nema hjá þeim sem voru félagar í VR þega þeir hófu töku fæðingarorlofs. Heimilt er þó að veita slík réttindi í Sjúkrasjóði VR þeim sem greitt hafa félagsgjald til VR í a.m.k. 36 mánuði af síðustu 60 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs.

b) Fæðingarorlof telst til vinnutíma og skerðir ekki rétt til bóta svo framarlega að greitt sé félagsgjald til VR af fæðingarorlofsgreiðslum.

9.5 Ef breytingar verða á greiddum iðgjöldum skömmu fyrir umsókn um styrkveitingu úr sjóðnum frá sjálfstætt starfandi eða fjölskyldumeðlimi rekstraraðila smærri fyrirtækja, er heimilt að stöðva greiðslu, ákveða annað viðmiðunartímabil til ákvörðunar bótafjárhæðar og að krefjast frekari gagna frá opinberum aðilum. Sama gildir um iðgjaldagreiðslur aftur í tímann og ef aðilar með stöðu sjálfstætt starfandi hafa nýlega gengið í félagið.

9.6 Framkvæmdastjórn sjóðsins er heimilt að veita styrki til sjóðsfélaga í formi forvarna- og endurhæfingarstyrkja og styrkja vegna sjúkra- og slysakostnaðar.

9.7 Styrkir og fjárframlög til stofnana og félagasamtaka skulu ákveðnir af stjórn sjóðsins hverju sinni skv. 2. gr.

9.8 Stjórn sjóðsins er heimilt að stofna til annarra bótaflokka vegna fæðingarorlofs, slysatrygginga og annarra heilsufarstrygginga.

## 10. gr. Dagpeningar

Sjúkrasjóðurinn greiðir dagpeninga ef launatekjur falla niður sökum veikinda eða slysa. Dagpeningar skulu, að viðbættum bótum almannatrygginga, greiðslum frá Sjúkratryggingum Íslands, greiðslum úr slysatryggingu launafólks eða annarri lögbundinni tryggingu, ekki nema lægri fjárhæð en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum. Við útreikning upphæðar dagpeninga skal miða við greiðslur til Sjúkrasjóðs VR síðustu 6 mánuði áður en launagreiðslur féllu niður. Hafi orðið verulegar breytingar á launum síðustu 6 mánuði er heimilt að meta tekjur sérstaklega og yfir lengra tímabil en þó aldrei lengra tímabil en 12 mánuði. Í þeim tilvikum þar sem félagi fær greiðslur fyrir sama slysa- og/eða veikindatímabil frá öðrum aðilum, svo sem greiðslur úr slysatryggingu launafólks, er heimilt að greiða mismun þeirrar bótafjárhæðar og 80% meðallauna ef sú upphæð er lægri en útreiknuð upphæð dagpeninga frá Sjúkrasjóði VR.

Slysadagpeningar skv. grein þessari greiðast ekki vegna skaðabótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. slysa af völdum vélknúinna ökutækja.

Í upphafi félagsaðildar skal ekki greiða sjúkra- og slysadagpeninga í fleiri daga en greitt hefur verið fyrir viðkomandi félaga í sjúkrasjóðinn og er þá miðað við þann dag sem greiðslan hefst. Undanþegnir frá þessu eru þó umsækjendur sem verið hafa fullgildir félagar annars félags í ASÍ, sbr. gr. 9.3.

Einnig er heimilt að greiða dagpeninga ef launatekjur falla niður vegna veikinda barna sjóðsfélaga, yngri en 18 ára, og vegna langvarandi veikinda maka. Um það gildi að öðru leyti sömu reglur og að ofan greinir.

Eigi félagi rétt til endurhæfingarlífeyris hjá Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að synja umsókn um sjúkra- eða slysadagpeninga. Nemi endurhæfingarlífeyrir lægri fjárhæð en sjúkra- eða slysadagpeningar er heimilt að greiða honum það sem upp á vantar í samræmi við sjúkradagpeningarétt hans.

Almennt skal það vera skilyrði fyrir greiðslu sjúkradagpeninga að umsækjandi fari í mat hvort starfsendurhæfing sé raunhæf. Ef starfsendurhæfing er metin raunhæf en umsækjandi hafnar henni er heimilt að fella niður dagpeningagreiðslur.

Fjöldi daga á greiðslutímabili er ákvarðaður af framkvæmdastjórn sjóðsins og staðfestur af stjórn VR og skal hann tilgreindur í starfsreglum sjóðsins hverju sinni. Greiðslutímabil getur aldrei verið styttra en sem nemur því lágmarki sem tilgreint er í gildandi viðmiðunarreglugerð fyrir sjúkrasjóði aðildarfélaga ASÍ.

Sá sem hefur fullnýtt rétt öðlast hann að nýju þegar greitt hefur verið fyrir hann til sjóðsins í 12 mánuði.

## **11. gr. Dánarbætur**

VR greiðir dánarbætur við dauðsfall fullgildra félaga. Bótafjárhæðir fara eftir fjölskyldustærð og hvort viðkomandi var ennþá á vinnumarkaði og úthlutað samkvæmt gildandi starfsreglum Sjúkrasjóðs VR.

Heimilt er auk þess að greiða dánarbætur vegna barna félaga, yngri en 18 ára, eins og kveðið er á um í starfsreglum sjóðsins hverju sinni.

Heimilt er að greiða dánarbætur vegna andláts félagsfólks sem uppfyllir skilyrði sem eldri félagar skv. lögum VR. Réttur til dánarbóta fellur niður tveimur árum eftir að viðkomandi varð eldri félagi.

## **12. gr. Lausn frá greiðsluskyldu**

Ef farsóttir, náttúruhamfarir eða önnur stór áföll geisa getur sjóðsstjórn leyst sjóðinn frá greiðsluskyldum sínum um stundarsakir. Einnig getur stjórn sjóðsins ákveðið að lækka um stundarsakir upphæð bóta, ef afkomu sjóðsins virðist hætta búin. Sé nauðsynlegt að skerða bætur vegna fjárhags sjóðsins skulu sjúkra- og slysadagpeningar skerðast minnst og njóta forgangs umfram aðra bótaflokka eða útgreiðslur.

## **13. gr. Fyrning bótaréttar**

Réttur til bóta eða styrkja úr sjóðnum fyrnist sem hér segir:

Dagpeningar, slysa- og dánarbætur fyrnast á 24 mánuðum frá því að réttur til bóta myndast. Aðrar greiðslur og styrkir fyrnast á 12 mánuðum frá því að réttur til greiðslu skapaðist.

## **14. gr. Endurgreiðsla iðgjalda**

Iðgjöld til sjóðsins endurgreiðast ekki.

## **15. gr. Upplýsingaskylda**

15.1 Stjórn sjóðsins ber að upplýsa sjóðsfélaga um rétt þeirra samkvæmt reglugerð sjóðsins með kynningu á vefsíðu félagsins.

15.2 Stjórn sjóðsins ber að senda skrifstofu ASÍ árlega; ársreikning sjóðsins auk mats á framtíðarstöðu á 5 ára fresti.

15.3 Stjórn sjóðsins ber að senda skrifstofu ASÍ allar breytingar sem gerðar kunna að vera á þessari reglugerð.

## **16. gr. Bóta aflað með sviksamlegum hætti**

16.1 Sá sem reynir að afla sér bóta með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar, leynir eða lætur hjá líða að tilkynna um breytingar á högum sínum eða heilsu sem áhrif hefur á réttindi að fullu eða hluta samkvæmt þessari reglugerð skal missa rétt til bóta úr sjóðnum. Heimilt er að endurkrefja bótaþega um þegar greiddar bætur/dagpeninga sem aflað er með sviksamlegum hætti auk dráttarvaxta og innheimtukostnaðar. Réttur til dagpeninga og annarra bóta er háður því að endurgreiðsla ranglega greiddra bóta hafi farið fram.

16.2 Umsækjendur um sjúkradagpeninga þurfa að veita samþykki fyrir því að aflað sé upplýsinga úr staðgreiðsluskrá Skattsins á meðan umsókn um sjúkradagpeninga er í gildi.

## 17. gr. Úrskurðarnefnd VR

Heimilt er að kæra ágreining sem rís um túlkun reglna, grundvöll, skilyrði og fjárhæð dagpeninga, styrkja og annarra greiðslna úr sjóðnum til úrskurðarnefndar VR sem skipuð er af stjórn félagsins. Hlutverk úrskurðarnefndar VR er að kveða upp úrskurði um ágreiningsefni sem kunna að rísa á grundvelli laga og reglna VR.

Kærufrestur er þrír mánuðir frá því að viðkomandi félaga eða aðila er tilkynnt um ákvörðun Sjúkrasjóðs VR og nánar eftir gildandi reglum um úrskurðarnefnd VR hverju sinni.

## 18. gr. Breytingar á reglugerðinni

Breytingar á reglugerðinni verða aðeins gerðar á aðalfundi VR.

## 8. Samþykkt framlag í VR varasjóð

Fundarstjóri bauð Stefán Sveinbjörnsson í pontu til að mæla fyrir tillögu um framlag í VR varasjóð.

Stefán kynnti tillöguna sem er svohljóðandi:

*„Aðalfundur VR, haldinn á Hótel Reykjavík Grand miðvikudaginn 25. mars 2026, samþykkir að framlag í VR varasjóð verði samtals 1.100 m.kr. fyrir árið 2025.*

*Úr félagssjóði koma 450 m.kr., Sjúkrasjóði VR 350 m.kr. og Orlofssjóði VR 300 m.kr.*

*Til viðbótar koma aukakaup vegna iðgjalda félagsfólks sem eru í vanskilum þegar greitt verður inn í VR varasjóð eftir aðalfund VR 2026.“*

Umræður

Að umræðum loknum var tillagan lögð fyrir fundinn og samþykkt með handauppréttingu.

## 9. Lýst kjöri stjórnar og trúnaðarráðs

Fundarstjóri fór því næst yfir kjör stjórnar og trúnaðarráðs fyrir kjörtímabilið 2026 - 2027. Þann 4 febrúar 2026 auglýsti kjörstjórn VR eftir áhugasömum til að starfa fyrir félagið kjörtímabilið 2026 – 2027. Auglýst var eftir framboðum til sjö sæta í aðalstjórn VR til eins árs og listaframboðum fyrir 41 sæti í trúnaðarráð til eins árs. Framboðsfrestur var til kl. 12:00 á hádegi 11. febrúar 2026.

Alls bárust 10 einstaklingsframboð til stjórnar og úrskurðaði kjörstjórn öll löglega fram borin. **Ekkert mótframboð barst í listakosningu til trúnaðarráðs.**

Atkvæðagreiðsla meðal kosningabærs félagsfólks VR stóð frá 5. mars til 12:00 að hádegi þann 12. mars. Atkvæðagreiðslan var rafræn. Atkvæðu greiddi 2.739 en á kjörskrá voru 40.785 VR félagar. Kosningaþátttaka var 6,7%. Sjö stjórnarmenn til eins árs, skv. fléttulista eins og kveðið er á um í 20. gr. laga VR, eru eftirtalin:

Júlíana Einarsdóttir  
Jónas Yngvi Ásgrímsson  
Sigríður Lovísa Jónsdóttir  
Gabríel Benjamin  
Birgitta Ragnarsdóttir



Bjarni Þór Sigurðsson  
Paula A. Sánchez

Þar sem ekkert móttframboð barst í listakosningu til trúnaðarráðs var listi stjórnar- og trúnaðarráðs sjálfkjörinn. 41 til trúnaðarráðs í listakosningu til eins árs eru:

Agnes Marinósdóttir  
Aníta Sóley Scheving Þórðardóttir  
Anna Bryndís Hendriksdóttir  
Arman Ahmadizad  
Ágúst Guðbjörn Valsson  
Benedikt Ragnarsson  
Birna Aronsdóttir  
Björgvin Björgvinsson  
Bríet Ósk Guðrúnardóttir  
Bryndís Guðnadóttir  
Brynjar Freyr Ragnarsson  
Cale Galbraith  
Christopher John Eva  
Dominika Soperczak  
Edda Kentish  
Edda Svandís Einarsdóttir  
Elín Sigríður Hallgrímsdóttir  
Guðlaug Marín Gunnarsdóttir  
Gunnar Steinn Þórsson  
Helen Renée Rasanen  
Helga Bryndís Jónsdóttir  
Ingibjörg V. Jósefsdóttir  
Jóhann Bjarni Knútsson  
Jóhannes Birgir Guðvarðarson  
Jón Ingi Kristjánsson  
Jón Ólafur Valdimarsson  
Karen Ýr Friðjónsdóttir  
Kristjana Svava Einarsdóttir  
Kristján Gísli Stefánsson  
Leifur Björnsson  
Magnús Þorsteinsson  
Mateusz G. K. Róbertsson  
Sigurður Vopni Vatnsdal  
Sjöfn Þórðardóttir  
Stephan Ahrens  
Tómas Wolfgang Meyer  
Unnur Elva Arnardóttir  
Þorlákur Þór Erluson  
Þorsteinn Þórólfsson  
Þóra Skúladóttir Öfjörð  
Þórunn Davíðsdóttir



Öll ofangreind teljast réttkjörin til trúnaðarstarfa fyrir VR samkvæmt lögum félagsins.

Fundarstjóri býður kjörnu stjórnarfólki og trúnaðarráðsfolki sem á fundinum er að standa upp svo fundargestir geti séð þau.

## **10. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu og tveggja félagslega kjörinna skoðunarmanna**

Fundarstjóri kynnir tillögu um endurskoðunarskrifstofu. Tillagan er svohljóðandi:

*„Aðalfundur VR, haldinn á Hótel Reykjavík Grand miðvikudaginn 25. mars 2026, samþykkir að endurskoðunarskrifstofan PWC hf. sjái um endurskoðun félagsins fyrir reiknisárið 2026.“*

Umræður

Að loknum umræðum ber fundarstjóri tillöguna upp til samþykktar. Tillagan var samþykkt samhljóða í handauppréttingu.

Fundarstjóri kynnir nú tillögu um skoðunarmenn reikninga. Tillagan er svohljóðandi:

*„Aðalfundur VR, haldinn á Hótel Reykjavík Grand miðvikudaginn 25. mars 2026, samþykkir að skoðunarmenn VR, sbr. 27. gr. laga VR, verði Þóra Skúladóttir Öfjörð og Sveinn Enok Jóhannsson. Til vara verði Kristján Gísli Stefánsson.“*

Að loknum umræðum ber fundarstjóri tillöguna upp til samþykktar. Tillagan var samþykkt samhljóða í handauppréttingu.

## **11. Ákvörðun félagsgjalds**

Fundarstjóri kynnir tillögu stjórnar um óbreytt félagsgjald og er svo hljóðandi:

*„Aðalfundur VR, haldinn á Hótel Reykjavík Grand miðvikudaginn 25. mars 2026, samþykkir að félagsgjald verði óbreytt, 0,7% af heildarlaunum, og lágmarksgjald til að njóta fullra félagsréttinda skuli þó eigi vera lægra en sem svarar 30% af byrjunarlaunum afgreiðslufólks frá og með sama tíma. Félagsgjaldið skiptist þannig að 0,65% renna í Félagssjóð VR og 0,05% renna í Vinnudeilusjóð VR.“*

Að loknum umræðum ber fundarstjóri tillöguna upp til samþykktar. Tillagan var samþykkt samhljóða í handauppréttingu.

## **12. Ákvörðun um laun stjórnarmanna og skoðunarmanna**

Fundarstjóri býður Sigríði Lovísu Jónsdóttur, formanni launanefndar, VR að kynna tillögu stjórnar um laun stjórnarfólks.





sveitarfélaga. Yfirvofandi orkukreppa í heiminum mun hins vegar gera illt verra og getur haft langtímaafleiðingar fyrir líf skjör á Íslandi, ef ekkert er að gert.

Aðalfundur VR bendir á að félagsfólk VR tók áhættu þegar það undirgekkst kjarasamninga með lágum launahækkunum á verðbólgutímum árið 2024. Þetta var gert í trausti þess að stjórnvöld myndu standa við gefin fyrirheit og fyrirtæki halda aftur af sér í verðhækkunum. Hvorugt hefur raungerst.

Aðalfundur VR áréttar að félagið er vel undirbúið og tilbúið til kjaraviðræðna í haust og mun hvergi hvika í hagsmunabaráttu fyrir sitt félagsfólk. Aðalfundur telur þó vænlegt að leita allra leiða til að afstýra hörðum kjaradeilum. Til að svo megi verða þurfa atvinnurekendur og stjórnvöld að axla sína ábyrgð og viljann þarf að sýna í verki næstu mánuði. Mestu skiptir að mæta þeim hópum sem hafa borið þyngstar byrðar í hávaxtaástandinu undanfarin ár, einkum barnafólki, leigjendum og launafólki með háar húsnæðisskuldir. Að þrengja áfram að þessum hópum með áframhaldandi hávaxtastefnu eða niðurskurði á þjónustu mun engu skila í baráttunni við verðbólguna.

Aðalfundur VR skorar á stjórnvöld að leiða aðila saman til lausnamiðaðs samtals um veginn fram á við í erfiðri stöðu. Stór fyrirtæki sem stýra verðlagningu í landinu þurfa að draga úr arðsemiskröfum sínum á meðan við siglum í gegnum orkukreppuna og náum tókum á verðbólgunni. Til álita kemur að beita verðþaki til að ná settu marki, ekki síst þegar kemur að olíu en að öðrum kosti mun hækkun olíuverðs flæða beint og óbeint inn í verðlag og valda aukinni verðbólgu og þaðan yfir í húsnæðiskostnað fólks í formi vaxta og verðbóta. Stjórnvöldum ber að gæta hagsmuna þeirra hópa sem verða fyrir versta högginu en með þeim hætti mætti draga úr þörfinni á almennum launahækkunum í erfiðu efnahagsástandi. Aðalfundur telur að sveitarfélög eigi að afturkalla háar gjaldskrárhækkanir, einkum á hita, rafmagni og leikskólagjöldum. Þá þarf raunverulegar aðgerðir í húsnæðismálum, bæði til langs og skamms tíma.

Ef við leggjumst öll á árarar er hægt að ná árangri fyrir samfélagið allt. En launafólk ætlar ekki að sitja eitt undir árunum áfram. Það er fullreynt.

### **Samþykkt á aðalfundi VR, 25. mars 2026**

Undir liðnum Önnur mál kvaddi Jónas Yngvi Ásgrímsson sér hljóðs og gerði athugasemd við að fundargestir hafi klappað fyrir því að dánarbætur eldri félaga hafi verið skertar.

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fyrir fundinn og fékk leyfi fundarins til að ganga frá fundargerð með fundarritara. Því næst gaf hann formanni félagsins orðið sem fékk umboð til að slíta fundinum.

Halla Gunnarsdóttir þakkaði fundargestum fyrir fundinn, hann hafi verið langur en stór mál taki sinn tíma. VR sé í hagsmunabaráttu fyrir félagsfólk. Hvort sem þið teljið að við séum á rangri eða réttri leið, hafi samband og leyfið okkur að heyra, sagði formaðurinn.

Hún þakkaði að lokum starfsfólki VR fyrir undirbúning fundarins sem og starfsfólki fundarins fyrir vel unnin störf.

Halla sleit að því loknu fundi kl. 23:20.



# Undirritunarsíða

Steinunn Böðvarsdóttir

Guðmundur Birgir Ólafsson